

A 1895/tillväxt

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um sjálfbæra vöruflutninga****Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær beiti sér fyrir því að í tillögu Evrópusambandsins að reglugerð um Sjóðinn um samtengda Evrópu (CEF) 2021–2027 verði einnig gefinn kostur á lagningu fleiri járnbrauta á Barentssvæðinu í þeim tilgangi að efla sjálfbæra vöruflutninga á svæðinu.

Bakgrunnur

Mikið hráefni sem flutt er út frá Svíþjóð og öðrum Norðurlöndum kemur frá norðlægum slóðum Norðurlanda og alltof stórum hluta þess er ekið á vegum.

Fyrir vikið verður umferðin of þétt og þung á lélegum og oft of mjóum vegum.

Flutningur á vörum og fólki í járnbrautarlestum er mun skilvirkari og öruggari auk þess að vera umhverfis- og loftslagsvænn. Mikilvægar leiðir eru Sundsvall–Östersund–Þrándheimur, vöruflutningar þá einkum með lestinni Malmbanan/Ofotbanen milli Luleå og Narvíkur auk nýrrar járnbrautar milli Svappavaara og Kaunisvaara. Einnig væri áhugavert að kanna möguleika á nýjum norðlægum járnbrautasamgöngum til Finnlands frá norrænu sjónarhorni.

Auk þess má nefna að flutningar til og frá norðlægustu svæðum Evrópusambandsins varða hag allra aðildarlandanna.

Það væri hagur Norðurlanda að standa fyrir járnbrautaumferð Evrópusambandsins sem hluta af TEN-T-verkefninu alla leið norður að og gegnum norðurheimsskautsvæði Norðurlanda.

Þá ber að leitast eftir virkri þátttöku Sama sem búa á svæðinu í skipulagi á nýjum járnbrautasamgöngum í norðri. Norðurlöndin verða að taka tillit til og virða þátttöku frumbyggja, réttindi þeirra og menningu, einkum á viðkvæmum norðurslóðum.



Norrænu ríkisstjórnirnar þurfa að beita sér fyrir því að í tillögu Evrópusambandsins að reglugerð um Sjóðinn um samtengda Evrópu (CEF) 2021–2027 verði einnig gefinn kostur á lagningu fleiri járnbrauta á Barentssvæðinu í þeim tilgangi að efla sjálfbæra vöruflutninga á svæðinu.

Norðurlöndum, 28. september 2021

Christian Juhl (Ø)

Daniel Riazat (V)

Lorena Delgado Varas (V)

Rasmus Nordqvist (SF)

Sofia Geisler (IA)

Veronika Honkasalo (VF)